



Akraneskaupstaður

Alþingi
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi, 15. desember 2016

1601444 SDA

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Á fundi bæjarráðs þann 15. desember var til meðferðar ofangreint mál en erindið barst með töluvpósti frá nefndasviði Alþingis þann 14. desember síðastliðinn.

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs:

Bæjarráð fagnar frumvarpinu og felur bæjarstjóra að veita umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið sé komið fram að nýju en ekki náðist að ljúka þinglegri meðferð þess á 145. löggjafarþingi í október síðastliðnum sem kunnugt er.

Málið er gríðarlega mikilvægt og unnið hefur verið markvisst í allmörg ár að samræmingu kjara vinnumarkaðar á Íslandi og einn stærsti liðurinn í því er samræming lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Stór skref voru stigin í þessa átt með samkomulagi sem undirritað var þann 19. september síðastliðinn og sem tekið er fram í greinargerð nú að frumvarpið endurspegli betur efnisinntak þess heldur en í fyrra frumvarp.

Rétt er að taka fram að umsagnarfrestur er afar skammur og því ekki tækifæri til að skoða til hlítar þau fjölmörgu efnisatriði sem í frumvarpinu felast en ljóst er að áhrifa frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga mun gæta með margvíslegum hætti.




Akraneskaupstaður

Með þeim fyrirvara sem að framan getur leggur bæjarráð Akraneskaupstaðar áherslu á að frumvarpið verði að lögum fyrir áramót.

F.h. Akraneskaupstaðar

Virðingarfyllt,


Steinar Adolffson,
sviðsstjóri